

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/695****2023/EES/30/57****frá 2. maí 2022****um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB að því er varðar  
sameiginlega formúlu til að reikna út áhættumat flutningafyrirtækja (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EB) nr. 561/2006 og (ESB) nr. 165/2014 og tilskipunar 2002/15/EB varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Beiting skilvirkra og kostnaðarhagkvæmra aðferða við framkvæmd löggjafar Sambandsins um flutninga á vegum skiptir sköpum þegar bæta á umferðaröryggi, vinnuskilyrði og félagslega vernd ökumanna og til að tryggja sanngjarna samkeppni meðal flutningafyrirtækja á vegum.
- 2) Landsbundin áhættumatskerfi, sem aðildarríki innleiða til að viðhafa markvissara eftirlit með fyrirtækjum sem eru metin sem áhættusöm, byggjast á mismunandi landsbundnum reikningsaðferðum. Þetta kemur í veg fyrir að unnt sé að bera saman og skiptast á upplýsingum um áhættustig í tengslum við framkvæmd yfir landamæri.
- 3) Með ákvæðum annarrar undirgreinar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2006/22/EB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin ákvarði, með framkvæmdargerðum, sameiginlega formúlu til að reikna út áhættumat fyrirtækis.
- 4) Framkvæmdastjórnin ætti, þegar hún ákvarðar þessa formúlu, að taka tillit til allra brota sem geta haft áhrif á áhættumat fyrirtækis, þ.m.t. brot á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 <sup>(2)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 <sup>(3)</sup>, á ákvæðum landslaga um lögleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB <sup>(4)</sup>, auk þeirra brota sem tilgreind eru í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 <sup>(5)</sup>.
- 5) Í sameiginlegu formúlunni ætti að taka tillit til fjölda, alvarleika og tíðni brota, niðurstaðna úr eftirliti þar sem engin brot hafa komið í ljós og hvort flutningafyrirtæki á vegum hafi notað snjallökurita, skv. II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 165/2014, í öllum ökutækjum sínum.
- 6) Sameiginlega formúlan til að reikna út áhættumat flutningafyrirtækis ætti að leggja umtalsvert af mörkum til samræmingar á starfsvenjum við framkvæmd í öllu Sambandinu með því að tryggja að allir ökumenn og flutningafyrirtæki séu meðhöndluð á sama hátt að því er varðar athuganir og viðurlög samkvæmt gildandi reglum Sambandsins.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 129, 3.5.2022, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á XIII. Viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 45.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjttíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjttíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjttíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

- 7) Þegar ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ætti að framkvæma þær í samræmi við lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 <sup>(6)</sup> og, eftir atvikum, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB <sup>(7)</sup>.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í viðaukanum er mælt fyrir um sameiginlega formúla til að reikna út áhættumat flutningafyrirtækis og kröfur um beitingu hennar.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

## VIÐAUKI

## SAMEIGINLEG FORMÚLA TIL AÐ REIKNNA ÚT ÁHÆTTUMAT FLUTNINGAFYRIRTÆKJA OG KRÖFUR UM BEITINGU HENNAR

- 1) Reikna skal út heildaráhættumat flutningafyrirtækis með því að nota eftirfarandi sameiginlega formúlu:

$$R = \left( \frac{\sum_i \frac{n_{i_{MSI}} \times v_{MSI} + n_{i_{VSI}} \times v_{VSI} + n_{i_{SI}} \times v_{SI} + n_{i_{MI}} \times v_{MI}}{N_i}}{r} \right) \times g$$

Þar sem:

- R — heildaráhættumat fyrirtækis
- n — fjöldi brota af tiltekinni tegund við hverja einstaka athugun (allar tegundir eftirlits)
- i — stök athugun
- v — veginn stigafjöldi samkvæmt tegund/alvarleika brots (MI/SI/VSI/MSI)
- MSI — *most serious infringement* (allra alvarlegasta brotið)
- VSI — *very serious infringement* (mjög alvarlegt brot)
- SI — *serious infringement* (alvarlegt brot)
- MI — *minor infringement* (smávægilegt brot)
- N — fjöldi ökutækja sem sæta eftirliti við einstaka athugun
- r — heildarfjöldi athugana á fyrirtæki
- g — vægisstuðull vegna notkunar á snjallökurita skv. II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.
- 2) Þegar sameiginlegu formúlunni er beitt skal virða meginreglurnar og þættina hér á eftir.
- 3) Tímabilið, sem tillit er tekið til brots í formúlunni, er tvö ár.
- 4) Flutningsaðilum skal skipt í eftirfarandi áhættuflokka á grundvelli stigafjölda þeirra:
- flutningsaðilar þar sem engin athugun hefur verið framkvæmd (grár flokkur)
  - 0-100 stig: flutningsaðilar í áhættulitlum rekstri (grænn flokkur)
  - 101-200 stig: flutningsaðilar í miðlungsáhættusömum rekstri (gulbrúnn flokkur)
  - 201 stig eða fleiri: flutningsaðilar í áhættusömum rekstri (rauður flokkur).
- 5) Reikna skal út veginn stigafjölda einstakrar athugunar („i“) með því að beita eftirfarandi vægisstuðlum („v“) í samræmi við tegund brots:
- MI = 1
- SI = 10
- VSI = 30
- MSI = 90
- 6) Við endanlegt áhættumat fyrirtækis skal tekið mið af heildarfjölda athugana sem eru framkvæmdar („r“), bæði úti á vegum og á athafnasvæði fyrirtækis, þ.m.t. athuganir þar sem ekki hafa komið í ljós nein brot.
- 7) Athuganir þar sem ekki hafa komið í ljós nein brot skulu skráðar með núll stig.
- 8) Veginn stigafjöldi einstakrar athugunar skal taka mið af öllum ökutækjum („N“) sem hafa sætt athugunum.

- 9) Dagsetning brots, sem tillit er tekið til í sameiginlegu formúlunni, telst sú dagsetning þegar brot hefur endanlega verið staðfest, þ.e. brotið er ekki lengur háð endurskoðun. Einungis skal taka tillit til hvers brot einu sinni í formúlunni.
  - 10) Ef athugun á athafnasvæði flutningafyrirtækis sýnir fram á að allur floti þess sé búinn snjallökurita, skv. II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 165/2014, skal margfalda lokastigafjölda hans með stuðlinum 0,9 („g“).
-